

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

# Fornleifaskráning

*Viðbótar fornleifaskráning í landi Gilsstaða og Geirmundarstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslartunguvirkjunar*

Atli Rúnarsson

Maí 2025

NV nr. 13-25

| | | |
|---|---|---|
| NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA | | **Dagsetning Mán/ár:**<br>Maí 2025 |
| **Skýrsla nr:**<br>NV nr. 13-25 | **Verknúmer:**<br>641 | **Dreifing:**<br>☐ **Opin**<br>☐ **Lokuð til:**<br>☒ **Háð leyfi verkkaupa** |
| **Upplag:** | **Verkstig:**<br>Loka | |
| **Heiti skýrslu:**<br>Viðbótar fornleifaskráning í landi Gilsstaða og Geirmundarstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslartunguvirkjunar | | **Unnið fyrir:**<br>Verkís |
| **Höfundur:**<br>Atli Rúnarsson | | **Verkefnastjóri:**<br>Kristín Sylvía Ragnarsdóttir |
| **Undirskrift verkefnastjóra:**<br>KSR | | **Yfirfarið af:**<br>KSR |


## ÚTDRÁTTUR

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegbóta í landi Gilsstaða og Geirmundarstaða í Selárdal í Strandabyggð vegna Kvíslartunguvirkjunar. Alls voru 35 minjar skráðar.

# EFNISYFIRLIT

1. Inngangur ..... 4
2. Skráningarsvæðið ..... 4
3. Aðferðafræði ..... 4
   3.1 Tilgangur fornleifaskráningar ..... 4
   3.2 Skráning fornleifa ..... 6
4. Saga Gilsstaða ..... 6
5. Saga Geirmundarstaða ..... 7
6. Heimildaskrá ..... 8
7. Fornleifaskrá ..... 9
   7.1 Gilsstaðir ..... 9
   7.2 Geirmundarstaðir ..... 34
8. Niðurstöður ..... 45
9. Kort ..... 46

# 1. INNGANGUR

Að beiðni Sigmars Steingrímssonar hjá Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða viðbótar fornleifaskráningu í landi Gilsstaða og Geirmundarstaða í Selárdal vegna vegbóta og vegagerðar vegna fyrirhugaðrar Kvíslartunguvirkjunar. Áður var gerð fornleifaskráning vegna virkjunarinnar árið 2023.[1]



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins er merkt með gulri stjörnu.

Skráningarsvæðið er á láglendi Selárdals og fór vettvangsrannsókn fram þann 14.5.2025 og var framkvæmd af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.

# 2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið nær yfir jarðir Gilsstaða og Geirmundarstaða í Selárdal í Strandabyggð. Vegbæturnar og vegagerðin fer fram á um 4km kafla sem nær frá bæjarstæði Geirmundarstaða norður að Þjóðbrókargili.

Samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands ber að skrá 100m sitt hvoru megin við miðlínu vegar.



Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.

# 3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu.

## 3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

[1] Sjá: Atli Rúnarsson, 2023

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir:

> Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.
>
> Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

> fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### 3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsjá Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3432 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3432-001.*

## 4. SAGA GILSSTAÐA

Minnst var á Gilsstaði í Steingrímsfirði í Hítardalsbók frá 1367, en hún var máldagi Þorlákskirkju á Skeggjastöðum á Ströndum.[2] Næst var minnst á Gilsstaði í máldaga Maríukirkju á Stað í Steingrímsfirði frá 1397[3] og einnig var minnst á þá í álits og skoðunargerð um áskilnað milli Staðarkirkju í Steingrímsfirði og Guðmundar Loptssonar út af Selárdal frá 1513.[4] Næst var minnst á Gilsstaði í áreiðar og skoðunargerð um þrætuland og landamerki á Selárdal milli Bólsstaðar og Staðar í Steingrímsfirði frá 1520 og þar var sagt að kirkjan ætti Selárdal allan til ummerkja til móts við Bólsstaði og Gilsstaði.[5] Í Gíslamáldaga, sem skrifaður var í kringum 1570, var sagt að kirkjan á Stað í Steingrímsfirði ætti Selárdal allan í móts við Gilsstaði og Kolstaði.[6]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið 1709, var sagt að Gilsstaðir væru kirkjujörð frá Staðarkirkju í Steingrímsfirði. Jarðardýrleikinn var átta hundruðir og ábúandinn Bjarni Jónsson. Landskuldin hafði áður verið níu álnir, en fáum árum áður en bólan gekk[7] var hún ellefu álnir. Leigukúgildin voru áður fjögur en urðu þrjú eftir bóluna og greiddust leigur í smjöri heim til Staða. Kvikfénaður var þar tvær kýr, einn vetrungur, einn kálfur, tuttugu og átta ær, fimmtán lömb og tvö hross. Þar var talið að gætu fóðrast ein kýr, tíu ær, sex lömb og einn hestur um vetur og ekki mikið meira um sumar. Heimilismen nvoru sex og þar af var Jón Jónsson, bróðir ábúendans, með barni sínu á sinn kost. Skógur var lítill til eldiviðar og varla til kolagerðar. Silungsveiði hafði áður verið í Selá en var talin erfið og varla ómaksverð. Tún var bæði lítið og slæmt, engjar mjög litlar og skemmdust tún, engjar og hagar oft af aurlækjum. Hætt var fyrir fé af lækjum á vori og í leysingum. Stórviðrasamt var af einni átt og mjög vetrarhart af fannlögum.[8]

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Gilsstaðir væru í Staðarkirkju eign, dýrleikinn var átta hundruðir, landskuldin 0.5, kúgildin 2 ½ og ábúendur voru einn leigjandi.[9]

1917 voru tún Gilsstaða um 2.2ha, þar af 1/5 slétt, og matjurtagarðar voru 513m$^2$.[10]

---

[2] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 230
[3] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 130
[4] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 467-468
[5] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 745-746
[6] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 560-561
[7] Þar er átt við Stórubólu sem gekk um Ísland á árunum 1707-1709
[8] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 382-383
[9] J. Johnsen, 1847, bls. 215
[10] Túnakort – Gilsstaðatún, (1917)

## 5. SAGA GEIRMUNDARSTAÐA

Minnst var á Geirmundarstaði í Hítardalsbók frá 1367, en hún var máldagi Þorlákskirkju á Skeggjastöðum á Ströndum,[11] og í máldaga Maríkirkju á Stað árið 1397.[12] Næst var minnst á Geirmundarstaði í landamerkjaskrá milli Bólstaðar og Staðarjarða í Selárdal frá 1520. Þar var sagt frá því að þeir menn sem kvittuðu undir landamerkjaskrána hafi riðið um svæðið í leit að svokölluðu Kópastaðagili. Þeir munu hafa leitað að mögulegum stað þar sem bærinn sem gilið var kennt við gæti hafa staðið en fundu ekkert nema við það gil sem var gegnt Geirmundarstöðum. Þar voru margar gamlar tóftir og komu þeir sér saman um að þar hafi einhverntíman verið bær.[13] Næst var minnst á Geirmundarstaði í Gíslamáldaga frá 1570 og þar var sagt að jörðin væri í eigu kirkjunar á Stað og að hún væri leigð fyrir fjögur ærgildi.[14]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1709, var sagt að jörðin væri kirkjujörð frá Stað í Steingrímsfirði. Jarðardýrleiki var tólf hundruðir en jörðin lá í eyði árið sem jarðabókin var gerð. Landskuldin hafði verið áttatíu álnir frá því að menn mundu þar til jörðin fór í eyði, leigukúgildin höfðu áður verið fjögur en höfðu undandfarin ár lækkað niður í þrjú. Leigur voru greiddar heim með smjöri. Rifhrís og skóg var hægt að nota til lítilsháttar eldiviðar en ekki til kolagerðar. Tún voru orðin mjög slæm og fauk sandur á þau. Hættur voru fyrir kvikfénað í leysingum og var mjög vetrarhart. Jörðin var að spillast af aurlækjum og jarðföll höfði oldið miklum skemmdum.[15]

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Geirmundarstaðir væru Staðarkirkju eign, dýrleikinn var 12, landskuldin 0,20, kúgildi voru ekki skráð og ábúendur voru einn leigjandi.[16]

1917 voru tún Geirmundarstaða 3ha, þar af 1/5 sléttuð, og matjurtagarðar voru 553m$^2$.[17]

[11] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 230
[12] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4 bindi, 1947-1950, bls. 130
[13] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 745-746
[14] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 560-561
[15] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1984, bls. 383
[16] J. Johnsen, 1847, bls. 215
[17] Túnakort – Geirmundarstaðir, (1917)

# 6. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1984). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ísafjarðarsýsla & Strandasýsla* (B. VII). Reykjavík: Sögufélagið.

Atli Rúnarsson. (2023). *Fornleifaskráning í landi Gilsstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslartunguvirkunar.* Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

*Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi.* (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón Árnason. (1961). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* (B. I). (Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, Ritstj.) Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

*Manntal.is*. (6. september 2023). Sótt frá https://manntal.is/leit/Kolbjarnarsta%C3%B0ir/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1703

*Örnefnasjá LMÍ*. (Maí 2025). Sótt frá ornefnasja.lmi.is

*Örnefnaskrá - Geirmundarstaðir.* (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun.

*Örnefnaskrá - Kolbjarnarstaðir og Gilsstaðir.* (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun.

*Örnefnaskrá - Kolbjarnarstaðir og Gilsstaðir. Athugasemdir og viðbætur.* (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun.

## Óútgefnar heimildir

Túnakort – Geirmundarstaðir. (1917)

Túnakort – Gilsstaðatún. (1917)

## Heimildamenn

Hjörtur Þór Þórsson – Ábúandi á Geirmundarstöðum

# 7. FORNLEIFASKRÁ

## 7.1 Gilsstaðir

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372289 | 593426 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Þjóðbrókargil | Frásögn | Tröll | Trú og hefðir |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3432-001 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| | |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanleg | Nei |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** |
| Nei | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***



Mynd 3. Horft vestur inn Þjóðbrókargil.

### *Lýsing*

„Skessan Þjóðbrók átti bústað í því gili er við hana er kennt síðan og kallað Þjóðbrókargil, það er vestanvert í Selárdal. […] Gissur hét húskarl á Stað er Þjóðbrók vildi fá til sín er hann var í fjárleit, en hann gaf engan kost á því nema því aðeins að hún útvegaði sér fimmtán ára gamlan hákarl, en gaf henni mánaðarfrest. Síðan fór hann til hennar og var hjá henni mánaðartíma; þótti henni hann of smávaxinn til að eiga svo stórfengilega konu sem hún var og togaði hann því mjög svo hann varð miklu hærri en áður. Síðan bjóst Þjóðbrók að heiman til þess að útvega hákarlinn. En er hún var burt farinn strauk Gissur frá híbýlum hennar og hélt heim til sín yfir skamman fjallveg. En er hann var kominn á svonefnar „Teigabrún“ fyrir ofan Staðarbæ sá hann hvar Þjóðbrók fór á eftir honum með hákarlskippu og æpti að honum: „Hákarlinn, Gissur, hákarlinn, Gissur, fimmtán ára gamall.“ En hann rann undan sem fætur toguðu unz hann náði til kirkju á Stað; braut hann upp kirkjuhurðina og tók í klukkustrenginn og hringdi. Barg það honum, því jafnan varð tröllunum hverft við klukknahljóðið. Skessa hvarf burt í það skipti, en jafnan sat hún um Gissur eftir það og leitaðist við að fá hefnt sín á honum og það vissu heimamenn; voru því hafðar gætur á honum og hann aldrei látinn einn vera. En einu sinni var hann að fjósaverkum og var þá enginn heimamanna hjá honum. Kom þangað Þjóðbrók, réðist á Gissur og rotaði hann loks á flórhellunni. Þjóðbrók á að hafa dagað uppi í Þjóðbrókargili.“

### *Ljósmynd / teikning*

### *Umhverfi / staðhættir*

Þjóðbrók á að vera klettur sem skagar út í Þjóðbrókargili.

### *Athugasemd*

Utan framkvæmdarsvæðis

### *Heimildir*

Jón Árnason, 1961, bls. 183

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372599 | 592793 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Kvíabali | Heimild | Kvíar | Búsetuminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | ***Ljósmynd / teikning*** | |
| 3432-002 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| | | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Sést ekki | Nei | | |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** | | |
| Já | Ekki vitað | | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** | | |
| Engin hætta | | | |


Mynd 4. Horft NA yfir meinta staðsetning Kvíabala [3432-002].

*Lýsing*

Heimild um kvíar: „Fyrir neðan Neðrivanginn er langt barð, er liggur næstum því frá Þjóðbrókargili og heim að túni á Gilsstöðum. Stykkið frá því barði, upp að Neðrivanginum, heitir Kvíabali." Ekki sást til neinna ummerkja um kvíar og ekki víst að þær hafi nokkurntíman verið þar en næst í örnefnaskránni segir: „Heimst á honum við túngarðinn er lítill blettur með gamalli kvíatóft á, sem nú er kallaður Kvíaból."[3432-009]

*Ljósmynd / teikning*


Mynd 5. Horft SA yfir meinta staðsetningu Kvíabala [3432-002]

*Umhverfi / staðhættir*

Grasivaxið svæði neðan við melabarð. Vegslóði liggur frá malarveginum austan við tekið hnit.

*Athugasemd*

*Heimildir*

Örnefnaskrá - Kolbjarnarstaðir og Gilsstaðir

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372606 | 593044 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Hleðsla | Óþekkt | Óskilgreind |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3432-003 | 1550-1950 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| | | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanleg | Nei | | |
| Horfin | *Horfin vegna* | | |
| Nei | | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |



Mynd 6. Horft í A yfir hleðslur [3432-003]

*Lýsing*

Fjórar grjóthleðslur með óþekkt hlutverk. Allar mis háar og virka ekki mjög gamlar en lítið af lyngi og mosa farið að vaxa yfir þær. Önnur syðsta hleðslan er hæst, u.þ.b. 0.5m á hæð en hinar eru undir 0.3m.

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 7. Horft í S yfir hleðslur [3432-003]

*Umhverfi / staðhættir*

Á mel, u.þ.b. 70m frá malarvegi og rétt austan við uppþornaðan árfarveg.

*Athugasemd*

*Heimildir*

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372581 | 592432 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Gilsstaðir | Hóll | Bæjarhóll | Búsetuminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | ***Ljósmynd / teikning*** | |
| 3432-004 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| | | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Vel greinanleg | Nei | | |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** | | |
| Nei | | | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** | | |
| Hætta | Vegna ábúðar | | |



Mynd 8. Drónamynd tekin í NA af bæjarhól Gilsstaða [3432-004].

***Lýsing***

Bæjarhóll Gilsstaða. Um 3m hár og 70x136m af stærð. Er á honum hús sem virkar vel við haldið og frekar nýlegt. Það er heimagrafreitur á hólnum þar sem elsta gröfin er frá 1941 og sú yngsta frá 2020. Tóft [3432-005] og matjurtagarður [3432-006] eru á austanverðum hólnum.

***Ljósmynd / teikning***



Mynd 9. Horft í NV yfir bæjarhól Gilsstaða [3432-004].

***Umhverfi / staðhættir***

Grasivaxinn bæjarhóll Gilsstaða. Sléttuð tún í kring og Seláin rennur skammt austan við hólinn.

***Athugasemd***

***Heimildir***

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| ***Upplýsingar um skráningu*** | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372598 | 592408 |
| ***Upplýsingar um minjar*** | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Tóft | Skemma | Búsetuminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | ***Ljósmynd / teikning*** | |
| 3432-005 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| 0.1-0.6m | 1m | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Vel greinanleg | Nei | | |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** | | |
| Nei | | | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** | | |
| Hætta | Vegna ábúðar | | |




Mynd 10. Uppmæling af tóft [3432-005] og matjurtagarði [3432-006].

***Lýsing***

Hálf niðurgrafin kartöflugeymsla. Tóftin virðist eingöngu vera úr torfi en ekki fannst fyrir neinu grjóti í henni. Inngangur á vesturhlið. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.6m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Stærð tóftarinnar er u.þ.b. 4x4m.

***Ljósmynd / teikning***



Mynd 11. Horft í A yfir tóft [3432-005]

***Umhverfi / staðhættir***

Á grasivöxnum bæjarhól Gilsstaða [3432-004], um 30m SA við íbúðarhús.

***Athugasemd***

***Heimildir***

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372599 | 592408 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður | Búsetuminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3432-006 | 1550-1900 |
| Vegghæð | Veggjaþykkt |
| | |
| Ástand | Friðlýst |
| Vel greinanleg | Nei |
| Horfin | *Horfin vegna* |
| Nei | |
| Hættumat | Hættuorsök |
| Hætta | Vegna ábúðar |

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 12. Uppmæling af tóft [3432-005] og matjurtagarði [3432-006].

*Lýsing*

Sléttaður og smá upphækkaður matjurtagarður. Garðurinn er um 4x4m af stærð.

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 13. Horft í NV yfir matjurtagarð [3432-006].

*Umhverfi / staðhættir*

Fast sunnan við tóft [3432-005].

*Athugasemd*

*Heimildir*

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| **Upplýsingar um skráningu** | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372481 | 592498 |
| **Upplýsingar um minjar** | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Garðlag | Vörslugarður | Búsetuminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3432-007 | 1550-1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| 0.3-1.2m | 1.1m | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanleg | Nei | | |
| Horfin | *Horfin vegna* | | |
| Nei | | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |



Mynd 14. Uppmæling af garðlagi [3432-007].

## *Lýsing*

Líklegur vörslugarður. Hlaðinn úr torfi og er um 24m langur. Norður endi stoppar við skurð og garðlagið heldur ekki áfram handan hans. Veggjahæð er frá 0.3 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.1m.

## *Ljósmynd / teikning*



Mynd 15. Horft N eftir garðlagi [3432-007].

## *Umhverfi / staðhættir*

Garðlagið er umlukið skurðum í NV horni heimatúns Gilsstaða.

## *Athugasemd*

## *Heimildir*

## Almennar upplýsingar

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

## Upplýsingar um skráningu

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372566 | 592562 |

## Upplýsingar um minjar

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| Húshóll | Hóll | Óþekkt | Búsetuminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3432-008 | 1550-1900 |

| Vegghæð | Veggjaþykkt |
|---|---|
| | |

| Ástand | Friðlýst |
|---|---|
| Vel greinanleg | Nei |

| Horfin | *Horfin vegna* |
|---|---|
| Nei | |

| Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 16. Horft austur yfir Húshól [3432-008].

## *Lýsing*

Húshóll, eins og nafnið gefur til kynna hefur að öllum líkindum staðið hús á honum. Hóllinn er um 1.5m hár og vel þýfður. Engar tóftir voru þó sjáanlegar á hólnum.

## *Ljósmynd / teikning*



Mynd 17. Horft NNA yfir Húshól [3432-008].

## *Umhverfi / staðhættir*

Grasivaxinn og þýfður hóll fast austan við veginn sem liggur N frá Gilsstöðum. Er alveg upp við girðingu og skurð.

## *Athugasemd*

Ekki er minnst á Húshól í Örnefnaskrá en hann er merktur inn á Örnefnasjá LMÍ, skráður 8.5.2024.

## *Heimildir*

Örnefnasjá LMÍ: ornefnasja.lmi.is

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372566 | 592603 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| Kvíaból | Heimild | Kvíar | Búsetuminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3432-009 | 1550-1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| | | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Sést ekki | | | |
| Horfin | *Horfin vegna* | | |
| Já | Sléttað yfir | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |



Mynd 18. Horft NA yfir Kvíaból [3432-009].

*Lýsing*

Í örnefnaskrá segir: „Heimst á honum við túngarðinn er lítill blettur með gamalli kvíatóft á, sem nú er kallaður Kvíaból.“
Kvíarnar eru horfnar en búið er að ryðja svæðið sem kvíarnar stóðu á.

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 19. Horft austur yfir Kvíaból [3432-009].

*Umhverfi / staðhættir*

Kvíarnar hafa staðið um 30m norðan við rimlahlið sem er í N enda heimatúns Gilsstaða.

*Athugasemd*

*Heimildir*

Örnefnaskrá - Kolbjarnarstaðir og Gilsstaðir

### *Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

### *Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372509 | 592572 |

### *Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Tóft | Óþekkt | Búsetuminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3432-010 | 1550-1950 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0.3 – 1m | 0.7m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanleg | Nei |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** |
| Nei | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 20. Uppmæling af tóft [3432-010].

### *Lýsing*

Lítil tóft með óþekkt hlutverk. Töluvert virðist vera hrunið innan í tóftina þannig ekki er ljóst hvort veggur hafi verið á austurhlið eða hvort hún hafi staðið opin. Stærðin er 4.5 x 1.8m, veggjahæð er 0.3 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.7m.

### *Ljósmynd / teikning*



Mynd 21. Horft vestur yfir tóft [3432-010].

### *Umhverfi / staðhættir*

Töluvert af trjám vaxa í kringum tóftina sem er umlukin skurðum á alla vegu, um 40m vestan við rimahliðið á norðanverðu heimatúni Gilsstaða.

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372459 | 592566 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Hleðsla | Aðhald | Búsetuminjar |
| Auðkenni | Tímabil | | |
| 3432-011 | 1550-1950 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| | | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanleg | Nei | | |
| Horfin | *Horfin vegna* | | |
| Nei | | | |
| Hættumat | Hættuorsök | | |
| Hætta | Vegna skógræktar | | |

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 22. Uppmæling af gerði [3432-011].

*Lýsing*

Torfhlaðið hringlótt gerði með inngang á austur hlið. Ekki er víst hvort hér sé um eiginleg fornleifar að ræða þar sem gerðið virkar betur á sig komið en minjarnar í kring. Töluverður trjá/hrísluvöxtur er innan gerðisins og jarðvegurinn vel blautur innan í því. Veggjahæð er frá 0.1 – 1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 23. Horft í NV yfir gerði [3432-011].

*Umhverfi / staðhættir*

Fast norðan við heimatún Gilsstaða, um 50 vestan við tóft [3432-010].

*Athugasemd*

*Heimildir*

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2024 | 372458 | 592544 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Frændagarður | Garðlag | Túngarður | Búsetuminjar |

| | |
|---|---|
| **Auðkenni** | **Tímabil** |
| 3432-012 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0 – 1.2m | 1 |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanleg | Nei |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** |
| Nei | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** |
| Mikil hætta | Vegna vegagerðar |

***Ljósmynd / teikning***



Mynd 24. Uppmæling af Frændagarði [3432-012].

***Lýsing***

Á Örnefnasjá LMÍ segir: „Synir Sigurðar og Núma Rósmundssonar léku sér þar í æsku. Af því var það kallað Frændagarður."
Frændagarður – túngarður sem liggur meðfram N og V hlið heimatúns Gilsstaða. Garðurinn er rofinn á köflum og girðing ofan á meiri hlutanum af honum. Veggjahæð er frá 0 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.
Búið er að grafa skurði meðfram nánast öllum garðinum og mögulega hefur eitthvað af garðinum horfið við það.

***Ljósmynd / teikning***



Mynd 25. Drónamynd tekin í S yfir Frændagarð [3432-012].

***Umhverfi / staðhættir***

Frændagarður umlykur N og V hlið heimatúns Gilsstaða.

***Athugasemd***

***Heimildir***

Örnefnasjá LMÍ: ornefnasja.lmi.is

*Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |

*Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372453 | 592532 |

*Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Tóft | Óþekkt | Búsetuminjar |

| | |
|---|---|
| Auðkenni | 3432-013 |
| Tímabil | 1550-1900 |
| Vegghæð | 0.3 – 1m |
| Veggjaþykkt | 0.7m |
| Ástand | Vel greinanleg |
| Friðlýst | Nei |
| Horfin | Nei |
| *Horfin vegna* | |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorsök | |

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 26. Uppmæling af tóft [3432-013].

*Lýsing*

Tóft með óþekkt hlutverk. Inngangur á suður hlið, voldugur hornsteinn á vestanverðum inngangi. Tóftin er eitt hólf og töluvert er hrunið inn í hana og veggir farnir að síga. Veggjahæð er frá 0.3 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.7m. Stærð er 6.3 x 4.5m.

*Ljósmynd / teikning*



Mynd 27. Horft í SA yfir tóft [3432-013].

*Umhverfi / staðhættir*

Við norðurhorn Frændagarðar [3432-012].

*Athugasemd*

*Heimildir*

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Strandasýsla | Strandabyggð | Gilsstaðir | Gilsstaðir |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| Atli Rúnarsson | 14.5.2025 | 372445 | 592441 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Fanndalsgarður | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður | Búsetuminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3432-014 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| 0.1 – 0.4m | 0.4m | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Vel greinanleg | Nei | | |
| **Horfin** | ***Horfin vegna*** | | |
| Nei | | | |
| **Hættumat** | **Hættuorsök** | | |
| Engin hætta | | | |



Mynd 28. Uppmæling af Fanndalsgarði [3432-014].

### *Lýsing*

Á Örnefnasjá segir: „Kenndur við Tryggva Fanndal Rósmundsson (f.1923-d.1936). Lágir torfveggir, flatarmál ca. 10x20 metrar, er rétt fyrir ofan túngarðinn fyrir ofan bæinn.“ Matjurtagarður með hólfi á vestur hlið, hlaðið í kringum hann með torfi.

### *Ljósmynd / teikning*



Mynd 29. Drónamynd tekin af Fanndalsgarði [3432-014].

### *Umhverfi / staðhættir*

Í mólendinu um 100m vestan við íbúðarhús Gilsstaða. Rennur lækur undir matjurtagarðinn, fer undir hann vestan megin og kemur út í skurðinum austan við hann.

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

Örnefnasjá LMÍ: ornefnasja.lmi.is

## *Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
